



## NaNO Fréttabréf – Nóvember 2013

### Hvað höfum við gert í október?

Safnað hugmyndum um hvernig unnt sé að efla kennslu í náttúruvísindum í efstu bekkjum grunnskóla og í framhaldsskóla.

Skrifað stutta greinargerð um nanótækni, ætlaða nemendum í 8. – 10. bekk grunnskóla. Greininni fylgja m.a. YouTube myndbönd og slóðir á gagnvirk efni.

Sótt málþing um loftslagsvísindi og loftslagsumræðuna á Háskólatorgi 5. okt. sl.

Sótt NorSEd (Nordic research network in Science Education) vinnubúðir í Reykjavík 8. – 10. okt. sl.

Sótt ráðstefnuna Skapandi nám ævilangt 17. – 18. okt. sl.

Unnið að undirbúningi LEGO keppinnar 2014 í samstarfi við VoN ([www.firstlego.is](http://www.firstlego.is)).

Fundað með starfsfólki innan Menntavísindasviðs sem kemur að náttúrufræðimenntun, Hauki Arasyni, Meyvant Þórólfssyni, Hafdísí Ragnarsdóttur og Margréti Júlíu Rafnsdóttur og reglulega með Allyson Macdonald, Hafþóri Guðjónssyni og Svövu Pétursdóttur.

Stofnað til samstarfs við Brynju Dís Björnsdóttur verkefnisstjóra GERT eftir fund með henni. Við munum vinna saman að auknu samstarfi við önnur fræðasvið og deildir innan Háskóla Íslands undir formerkjum náttúrufræðimenntunar.

Farið af stað með menntabúðir vetrarins. Þær fyrstu voru haldnar 28. okt. sl. í Réttarholtsskóla um líffræði mannlíkamans. Líffræðikennarar mætta, úr grunn- og framhaldsskólum víða af landinu.

Unnið að skipulagi námskeiðsins Náttúruvísindi á 21. öld. Áformað er að bjóða upp á það sem símenntunarnámskeið og sem hefðbundið námskeið fyrir meistaranema. Þemu hafa verið ákveðin í samstarfi við kennara á sviðinu.

### Hvað er framundan?

*Menntabúðir*, mánaðarleg jafningjafræðsla meðal kennara. Næstu verða um sýndartilraunir í náttúrufræði-/raunvísindakennslu, miðvikudaginn 13. nóv. í VÍ. Sjá [www.menntabudir.natturutorg.is](http://www.menntabudir.natturutorg.is).

*Skólaheimsóknir* í grunn- og framhaldsskóla víðsvegar um landið þar sem við ræðum við nemendur og kennara. Reyna að mynda klasa með náttúrufræði- og raunreinakennurum í hverjum landshluta.

Vinna að *hugmyndabanka* fyrir kennara. Í bankanum verði að finna einföld verkefni sem kennarar geta nált sér í, kennsluhugmyndir o.fl. Markmið með bankanum er m.a. að kennarar geti leitað í hugmyndir á íslensku. Áhersla verði lögð á náttúruvísindi 21. aldar. Bankinn verði hluti af Náttúrutorgi.

*Náttúruvísindi á 21. öld / Science in the 21st century*. Vinna að nánari útfærslu á námskeiði.

Birgir Ásgeirsson og Ester Ýr Jónsdóttir.